

**Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) fyrir hönd
Áss, Eirar, Grundar, HNLFÍ, Hrafnistu Hafnarfirði, Hrafnistu Kópavogi, Hrafnistu Reykjavík,
Hornbrekku, Lundar, Markar, SÁÁ, Skjóls, Sóltúns, Skógarbæjar og Sunnuhlíðar
annars vegar**

og

**Félagráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður, Iðjubjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskipta- og
hagfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag sjúkrabjálfara og Proskapbjálfafélag Íslands**

hins vegar

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila.

Það er sameiginlegt markmið aðila að vinna að áframhaldandi þróun starfa innan ofangreindra stofnana sem þekkingarvinnustaða, enda byggir þjónusta þeirra meðal annars á sérfraðiþekkingu háskólamenntaðra starfsmanna. Stemma þarf stigu við atgervisflótta. Í því skyni hyggjast aðilar endurskoða starfs- og launaumhverfi þannig að hæfni og menntun verði metin að verðleikum. Það er framtíðarmarkmið aðila að starfskjör háskólamenntaðra starfsmanna hjá ofangreindum stofnunum verði sambærileg því sem gerist á almennum vinnumarkaði.

1. gr. Gildistími

Gildandi kjarasamningar og þeir samningar sem vitnað er til, á milli aðila framlengjast frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr. Eingreiðsla

Eftir samþykkt samnings greiðist eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 - apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

3. gr.

Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir (sjá einnig fylgiskjal 1):

- 1.6.2011: 4,25%
 1.3.2012: 3,50%
 1.3.2013: 3,25%
 1.3.2014: Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfí og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

4. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	48.800 kr.	sérstakt álag	15.000 kr.
Á árinu 2012	50.500 kr.		
Á árinu 2013	52.100 kr.		

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	26.900 kr.	sérstakt álag	10.000 kr.
Á árinu 2012	27.800 kr.		
Á árinu 2013	28.700 kr.		

5. gr.

Frí í stað yfirvinnu

Frá 1. júní 2011 breytist gr. 2.3.8 og verður sem hér segir:

- 2.3.8 Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en yfirvinnuá lagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi starfsmanns við næstu reglulegu útborgun.

6. gr.

Matar- og kaffítímar vaktavinnumanna

Frá 1. mars 2012 breytist gr. 2.6.9 og verður sem hér segir:

- 2.6.9 Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffítíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna þessarar takmörkunar skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

**7. gr.
Fæðisfé**

Frá 1. júní 2011 breytist grein 3.4.2 og verður sem hér segir:

3.4.2 Starfsmaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.4.1, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

1. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
2. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.

Frá 1. mars 2012 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.3 og hljóðar svo:

3.4.3 Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1.

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.4 og hljóðar svo:

3.4.4 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (140,7 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Núverandi grein 3.4.3 verður 3.4.5.

**8. gr.
Slysatryggingar**

Frá 1. júní 2011 bætist við ný grein 7.1.6 sem hljóðar svo:

7.1.6 Verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, eða sinna einstaklingi sem dæmdur hefur verið til fangelsisvistar eða vistaður í fangelsi eða stofnun af öðrum orsökum, skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns.

Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

**9. gr.
Endurmenntun, framhaldsnám**

Frá 1. júlí 2012 breytist gr. 10.1.2 í kjarasamningi Sjúkraþjálfara og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og samsvarandi greinar í öðrum kjarasamningum verður sem hér segir:

10.1 Endurmenntun, framhaldsnám

- 10.1.2 Starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun á rétt á leyfi til að stunda endurmenntun/framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar og starfsmanns.

Í leyfinu skal starfsmaður halda reglubundnum launum sbr. skilgreiningu í gr. 12.2.6.

Starfsmaður ávinnur sér tveggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok.

Heimilt er að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmra eða lengra árabili.

Heimilt er að greiða ferða- og dvalarkostnað samkvæmt 5. kafla.

**10. gr.
Fræðslusjóðir**

Frá 1. júní 2011 breytist grein 10.3 og verður sem hér segir:

10.3 Starfsmenntunarsjóður

- 10.3.1 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag í Starfsmenntunarsjóð BHM er nemi 0,22% af heildarlaunum félagsmanna.

Við 10. kafla bætist ný grein 10.4 sem hljóðar svo:

10.4 Starfsþróunarsetur háskólamanna

- 10.4.1 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemi 0,35% af heildarlaunum félagsmanna frá og með 1. júlí 2011 og hækkar framlagið í 0,70% frá og með 1. júlí 2012.

11. gr. Stofnanasamningar

Frá og með 1. janúar 2012 breytist gr. 11.3.1 og verður sem hér segir:

- 11.3.1 Við gerð samningsins skal semja um röðun starfa, sbr. gr. 1.2.1 og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins. Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa.

Stéttarfélög eða stofnun geta gert sameiginlegan stofnanasamning, ýmist sameiginlega fyrir félög innan stofnunar eða fyrir hóp stofnana.

Frá og með 1. janúar 2012 fellur gr. 11.5 brott.

12. gr. Lengdur uppsagnarfrestur

Við bætist nýr kafli 17.

Kafli 17. Uppsagnarfrestur

17.1.1 Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfellt starf

Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sömu stofnun, er uppsagnarfrestur sem hér segir:

1. 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára
2. 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára
3. 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára

Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

Núverandi kafli 17. verður kafli 18.

**13. gr.
Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt viðeigandi viðaukum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 7. nóvember 2011 skoðast hann samþykktur.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja upp samningnum fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náiist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Lúti þær breytingar að þáttum sem varða lækkun launa, frestun launabreytinga eða gildistíma samnings eru aðilar sammála um að það kalli á sérstakar viðræður.

Reykjavík, 24. október 2011

f.h. Samtak fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu
með fyrirvara um samþykki stjórnar

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Fræðagarðs
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Sálfræðingafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Samkomulag
SFH og aðildarfélaga BHM
dags. 24. október 2011

f.h. Stéttarfélags sjúkraþjálfara
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

**Bókanir með kjarasamningi
SFH fyrir hönd aðildarfélaga og
viðkomandi félaga
dags. 24. október 2011.**

Bókun 1.

Vísað er í fylgiskjal 2. með samningnum og eru aðilar, það er SFH og það félag innan BHM sem þessi samningur nær til, sammála um að horfa til þeirrar vinnu sem lýst er í fylgiskjalinu og taka upp viðræður eftir því sem við á um breytingar á því launaumhverfi sem nú er starfað innan.

Bókun 2.

Komi til þess að aðsókn eftir því að nýta sér leyfi samkvæmt grein 10.1 valdi erfiðleikum í rekstri stofnunar hefur stofnun heimild til að takmarka þann fjöldu sem nýtir réttinni við 10% á ári, annað hvort miðað við fjölda vikna eða fjölda háskólamenntaðra starfsmanna sem falla undir grein 10.1.2 á stofnuninni. Stofnun er heimilt að takmarka samfellda töku námsleyfis við eina viku af sömu ástæðu. Námsleyfi skal tekið í samráði við næsta yfirmann.

Stefnt skal að því að sameiginlegar starfsþróunaráætlanir (starfsmanns og stofnunar) samkvæmt þessum samningi liggi fyrir þann 1. janúar 2013.

Bókun 3

Samningsaðilar einsetja sér að endurskoða uppybyggingu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd. Markmiðið er að stuðla að því að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst. Þetta felur m.a. í sér aukinn sveiganleika á vinnumarkaði til að tryggja það að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma. Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekanda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í fyrirtækjum o.s.frv.

Sérstaklega verður fylgst með þróunarverkefni sem er að fara af stað á vegum VIRK um forvarnir og starfsendurhæfingu. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til inn í sínu starfi. Samningsaðilar munu vera starfsmönnum þessa þróunarverkefnis til stuðnings og ráðlegginga vegna álitamála sem upp koma í verkefninu og snúa að lög- og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Bókun 4

Þau aðildarfélög innan SFH er samningur þessi nær til samþykkja að veita stéttarfélögum upplýsingar um launaröðun starfsmanna innan sinna stofnanna sé þess óskað. Beiðni um slíkar upplýsingar þurfa að berast hverri stofnun fyrir sig og er það á ábyrgð hverrar stofnunar að svara slíkum beiðnum.

Fylgiskjal 1.

Launatafla sem tekur gildi 1. júní 2011

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	245.280	250.871	256.463	262.054	267.646	273.237	278.827	284.419	290.010
02	257.361	263.305	269.251	275.199	281.151	287.104	293.059	299.017	304.976
03	269.197	275.439	281.685	287.931	294.180	300.433	306.687	312.944	319.203
04	281.629	288.184	294.741	301.302	307.865	314.431	321.000	327.570	334.144
05	294.682	301.566	308.455	315.344	322.236	329.131	336.029	342.929	349.833
06	308.393	315.622	322.854	330.090	337.328	344.569	351.813	359.060	366.311
07	322.790	330.384	337.978	345.578	353.178	360.783	368.390	376.000	383.614
08	337.911	345.884	353.862	361.841	369.823	377.809	385.799	393.790	401.785
09	353.791	362.165	370.541	378.921	387.304	395.692	404.080	412.474	420.871
10	370.467	379.260	388.059	396.858	405.662	414.469	423.282	432.096	440.913
11	387.981	397.216	406.455	415.696	424.942	434.192	443.446	452.703	461.964
12	406.374	416.073	425.775	435.481	445.191	454.906	464.622	474.344	484.069
13	425.691	435.877	446.066	456.258	466.455	476.657	486.861	497.071	507.284
14	445.977	456.674	467.373	478.077	488.787	499.500	510.218	520.938	531.665
15	467.280	478.515	489.751	500.993	512.240	523.491	534.745	546.005	557.270
16	489.654	501.451	513.253	525.059	536.869	548.685	560.505	572.330	584.160
17	513.151	525.540	537.933	550.332	562.735	575.144	587.558	599.976	612.399
18	537.826	550.836	563.853	576.873	589.900	602.931	615.967	629.009	642.055
19	563.764	577.440	591.121	604.807	618.499	632.196	645.899	659.607	673.320
20	591.005	605.366	619.734	634.107	648.487	662.871	677.262	691.658	706.060
21	619.612	634.696	649.786	664.881	679.983	695.091	710.204	725.324	740.449
22	649.656	665.496	681.343	697.197	713.056	728.922	744.793	760.671	776.556

Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2012

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	253.865	259.694	265.527	271.361	277.198	283.035	288.874	294.717	300.560
02	266.413	272.612	278.814	285.021	291.233	297.450	303.669	309.895	316.123
03	278.712	285.221	291.738	298.257	304.780	311.310	317.844	324.382	330.925
04	291.632	298.469	305.311	312.159	319.011	325.869	332.733	339.599	346.472
05	305.199	312.381	319.570	326.761	333.958	341.161	348.369	355.582	362.800
06	319.453	326.995	334.543	342.098	349.657	357.223	364.793	372.369	379.952
07	334.422	342.345	350.273	358.209	366.147	374.094	382.045	390.002	397.965
08	350.145	358.467	366.796	375.128	383.468	391.813	400.166	408.523	416.885
09	366.662	375.402	384.148	392.901	401.661	410.427	419.197	427.977	436.761
10	384.007	393.187	402.376	411.568	420.768	429.974	439.191	448.410	457.636
11	402.228	411.872	421.521	431.176	440.840	450.511	460.189	469.874	479.565
12	421.367	431.496	441.630	451.773	461.923	472.082	482.245	492.417	502.595
13	441.470	452.109	462.754	473.406	484.067	494.736	505.410	516.095	526.787
14	462.585	473.759	484.939	496.128	507.326	518.532	529.746	540.966	552.196
15	484.762	496.499	508.242	519.995	531.756	543.526	555.303	567.090	578.886
16	508.057	520.384	532.720	545.064	557.416	569.779	582.150	594.531	606.920
17	532.525	545.473	558.429	571.395	584.370	597.354	610.350	623.352	636.365
18	558.225	571.823	585.433	599.051	612.681	626.319	639.966	653.624	667.292
19	585.244	599.540	613.846	628.163	642.490	656.828	671.175	685.533	699.901
20	613.624	628.639	643.667	658.704	673.753	688.811	703.882	718.964	734.056
21	643.433	659.206	674.991	690.786	706.593	722.412	738.242	754.083	769.936
22	674.744	691.310	707.889	724.481	741.084	757.698	774.325	790.963	807.614

Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2013

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	262.116	268.134	274.157	280.180	286.207	292.234	298.262	304.295	310.328
02	275.071	281.472	287.875	294.284	300.698	307.117	313.538	319.967	326.397
03	287.770	294.491	301.219	307.950	314.685	321.428	328.174	334.924	341.680
04	301.110	308.169	315.234	322.304	329.379	336.460	343.547	350.636	357.732
05	315.118	322.533	329.956	337.381	344.812	352.249	359.691	367.138	374.591
06	329.835	337.622	345.416	353.216	361.021	368.833	376.649	384.471	392.300
07	345.291	353.471	361.657	369.851	378.047	386.252	394.461	402.677	410.899
08	361.525	370.117	378.717	387.320	395.931	404.547	413.171	421.800	430.434
09	378.579	387.603	396.633	405.670	414.715	423.766	432.821	441.886	450.956
10	396.487	405.966	415.453	424.944	434.443	443.948	453.465	462.983	472.509
11	415.300	425.258	435.220	445.189	455.167	465.153	475.145	485.145	495.151
12	435.061	445.520	455.983	466.456	476.935	487.425	497.918	508.421	518.929
13	455.818	466.803	477.794	488.792	499.799	510.815	521.836	532.868	543.908
14	477.619	489.156	500.700	512.252	523.814	535.384	546.963	558.547	570.142
15	500.517	512.635	524.760	536.895	549.038	561.191	573.350	585.520	597.700
16	524.569	537.296	550.033	562.779	575.532	588.297	601.070	613.853	626.645
17	549.832	563.201	576.578	589.965	603.362	616.768	630.186	643.611	657.047
18	576.367	590.407	604.460	618.520	632.593	646.674	660.765	674.867	688.979
19	604.264	619.025	633.796	648.578	663.371	678.175	692.988	707.813	722.648
20	633.567	649.070	664.586	680.112	695.650	711.197	726.758	742.330	757.913
21	664.345	680.630	696.928	713.237	729.557	745.890	762.235	778.591	794.959
22	696.673	713.778	730.895	748.027	765.169	782.323	799.491	816.669	833.861

Fylgiskjal 2.

(bókun 1. í kjarasamningi aðildarfélaga BHM og fjármálaráðherra).

Það er sameiginlegt markmið samningsaðila að skapa ríkisstofnunum aukna möguleika til að vera skilvirkir og eftirsóknarverðir vinnustaðir. Til þess að svo geti orðið þarf sú umgjörð sem kjarasamningar og launakerfi skapa að vera í sífelldri endurskoðun og þróun, þannig að umgjörðin sem slík takmarki ekki framgang starfsmanna í starfi.

Aðilar eru sammála um að skipa starfshóp um úttekt á fyrirkomulagi launakerfisins. Fyrir 1. september 2011 verði skipaður starfshópur með jafnmögum fulltrúum samningsaðila. Með hópnum starfa fulltrúar stofnana, ráðuneyta og stéttarfélaga eftir þörfum.

Í starfi sínu hafi starfshópurinn eftirfarandi að leiðarljósi.

Kerfisgreining:

- Aflað verði nauðsynlegra gagna og upplýsinga um mismunandi hópa til dæmis um laun, launadreifingu og launaþróun, meðal annars með tilliti til þess sem greinir starfsmenn að svo sem menntun, hæfni, starfsreynsla, stjórnun og árangur í starfi.
- Greint verði hvernig lögbundið hlutverk, verkefni og forsendur ákvörðunar fjárveitinga hjá stofnunum hafa áhrif á launamyndun.
- Samanburður verður gerður á störfum innan ríkisgeirans við sambærileg störf á hinum almenna vinnumarkaði þar sem því verður við komið.
- Aðrir þættir sem nefndin telur eðlilegt að taka til skoðunar.

Úrvinnsluferli:

- Samantekt og mat á áhrifum núverandi launakerfis á kjör starfsmanna og starfsemi stofnana. Starfshópurinn skýri með hvaða hætti ofangreind atriði hafa áhrif á laun og launamyndun háskólamenntaðra starfsmanna.
- Starfshópurinn skili álti fyrir lok mars 2012.

Viðbrögð samningsaðila:

Samningsaðilar taki álit starfshópsins sameiginlega til umfjöllunar og leggi fram framkvæmdaáætlun og tillögu um fyrstu aðgerðir í síðasta lagi 15. maí 2012.

Fyrstu aðgerðir geta falið í sérmátun/prófun kerfisbreytinga á völdum hópum/stofnunum, sem aðilar verða sammála um.

Samningsaðilar hafi það sérstaklega að markmiði að til verði launaumhverfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins sem þjóni betur hagsmunum starfsmanna og stofnana. Samvinnu aðila til aðgerða í kjölfar álítsins verði hártað þannig áhersla verði lögð á að innan samningstímans verði hægt að framkvæma fyrstu aðgerðir sem sátt er um. Hvert félag um sig tekur afstöðu til þess hvort og hvenær það er tilbúið til viðræðna um nauðsynlegar breytingar á sínum kjarasamningi til að koma þeim aðgerðum eða tillögum sem sátt er um til framkvæmda.